

Nd.
um fjarskipti.

33. Frumvarp til laga

(Lagt fyrir Alþingi 1941.)

I. KAFLI **Orðaskýringar.**

1. gr.

Í lögum þessum merkja orðin:

Fjarskipti: það, sem nefnt er „Télécommunication“ í alþjóðafjarskiptasamningnum (Convention Internationale des Télécommunications, Madrid 1932), og þýðir hverskonar fjarrænan flutning tákna, merkja, skriftar, mynda og allskonar hljóða, hvort heldur er eftir vírum, rafgeislum (radio) eða öðrum rafmagns- eða sjónmerkja-kerfum (semafor) eða rafmagns- eða sjónmerkja-aðferðum.

Fjarskiptavirki: hverskonar taugar, tæki, tækjahluti, búnað o. þvl., sem er sérstaklega ætlað til að koma á fjarskiptum eða reka þau, hvort heldur er til sendingar, viðtöku eða til þess að flytja aðkomin merki áfram.

II. KAFLI **Einkaréttur ríkisins.**

2. gr.

Ríkið hefir einkarétt á:

1. Að stofna og reka á Íslandi og í íslenskri landhelgi og lofthelgi hverskonar fjarskipti með rafstraum eða raföldum, þar á meðal ljósöldum, er ná til sendingar, flutnings og móttöku skeyta, tals, tóna, mynda eða annara slikra merkja, hvort heldur er eftir vírum, gegnum loft, sjó eða land eða á annan hátt.
2. Að flytja til landsins, selja, leigja eða dreifa út á annan hátt, smíða, gera við, breyta eða setja upp hverskonar fjarskiptavirki (tæki, taugar, búnað o. þvl.) eða hluta þeirra, sem notaðir eru til þess, er í 1. tölulið segir, á Íslandi eða í íslenskum skipum, flugvélum eða öðrum farartækjum, hvort heldur eru til viðtöku, sendingar eða flutnings.
3. Að gefa út nafnaskrá um fjarskiptastöðvar og notendur fjarskiptavirkja.

3. gr.

Ráðherra sá, sem fer með fjarskiptamál ríkisins, getur heimilað einstökum mönnum, félögum eða stofnunum að stofna og reka fjarskiptavirki eða að flytja til landsins, selja, leigja eða dreifa út á annan hátt, smíða, gera við, breyta eða setja upp fjarskiptavirki þau eða hluta þeirra, sem í 2. gr. getur. Leyfið skal veitt um ákveðinn tíma með þeim skilyrðum og kvöðum, sem ástæða þykir til í hvert skipti. Ennfremur getur ráðherra með reglugerð veitt almennt leyfi til tiltekinna minni háttar framkvæmda, sem ekki er hætt á að valdi truflunum á rekstri fjarskiptavirkja ríkisins.

4. gr.

Nú eiga einstakir menn, félög eða stofnanir fjarskiptavirki, sem ráðherra hefir áður heimilað að stofna eða reka, og skulu þau leyfi þá haldast, sem hafa verið gefin út eftir 31. desember 1936, nema annað sé ákveðið í leyfisbréfi, sbr. þó 7. gr. Eldri leyfisbréf eru ógild. Leyfishafar skulu að öllu leyti fylgja reglum þeim og fyrirmælum um fjarskiptavirki, sem um þau gilda á hverjum tíma.

5. gr.

Ráðherra getur látið innsigla fjarskiptavirki, sem ekki eru í notkun, eða hluta þeirra, eða fyrirskipað að fá þau afhent til geymslu undir innsigli. Innsiglið má ekki brjóta án heimildar ráðherra.

6. gr.

Fjarskiptavirki í erlendum skipum, flugvélum eða öðrum erlendum farartækjum, sem eru innan íslenskrar landhelgi eða lofthelgi, má aðeins nota samkvæmt heim ákvæðum, sem ráðherra setur í reglugerð. Ráðherra getur bannað öll fjarskipti innan íslenskrar landhelgi og lofthelgi og gert þær ráðstafanir, er nauðsynlegar þykja til þess að banninu verði hlýtt.

7. gr.

Nú vill ríkisstjórnin fá ríkinu til handa tiltekin fjarskiptavirki, sem einstakir menn, félög eða stofnanir eiga, án þess að svo sé ástatt, er í 3. gr. getur, og má þá, ef samkomulag næst ekki, taka þau eignarnámi gegn endurgjaldi, er ákveðið skal af matsnefnd, sem til þess sé kvödd. Miða skal matsupphæðina við þá fjárhæð, er ætla má, að slík fjarskiptavirki mundu kosta af nýju, þegar afhending fer fram, en þó með fullu tilliti til aldurs fjarskiptavirkjanna og þess slits, sem á þeim er orðið. Í matsnefnd skulu vera 3 menn. Hæstiréttur nefnir formann nefndarinnar. Annan hinna nefnir héraðsdómari, þar sem leyfishafi á varnarþing, en hinn þriðja nefnir Verkfræðingafélag Íslands. Eignarnám skal ná til alra tækja og búnaðar sama fjarskiptakerfis, nema eigandi samþykki, að einungis nokkur hluti þess sé tekinn.

8. gr.

Eigendur fjarskiptavirkja eru skyldir til, hvenær sem þess er krafizt, að láta póst- og símamálastjórninni í té skýrslur um fyrirtækið og leyfa eftirlit með því. Séu slíkar skýrslur eigi gefnar innan hæflegs frests, sem póst- og símamálastjórnin setur, má knýja þær fram með dagsektum, er renna í ríkissjóð.

III. KAFLI

Skylda skipa til að hafa radióstöð.

9. gr.

Ráðherra getur mælt svo fyrir, að hvert íslenskt þilskip, sem siglir meira en 3 sjómíli frá landi, skuli hafa loftskeytastöð eða radióstöð með ákveðnu lágmarksafli og ákveðnu öldusviði og minnsta kosti einn skipverja, er hafi starfræksluskírteini fyrir slíka stöð samkvæmt gildandi alþjóðareglugerð (Kairo 1938). Sé skipið í förum milli Íslands og útlanda og hafi minnst 12 manna áhöfn, eða sé það farþegaskip, yfir 200 rúmlestir að stærð, sem sigli með ströndum fram, má skylda það til að hafa loftskeytastöð með minnst 75 watta afli í loftneti á 600 metra öldulengd og minnsta kosti einn skipverja með lofskeytaprófi. Ef siglingaleið farþegaskipsins er að jafnaði í nánd við strandarstöð, þar sem haldinn er hlustvörður á neyðarbylgju talstöðvanna allan sólarhringinn, má þó í stað loftskeytastöðvar láta nægja, að skipið hafi talstöð með ákveðnu lágmarksafli, er svari til fjarlægðar venjulegrar siglingaleiðar frá strandarstöðinni.

IV. KAFLI

Stjórn, rekstur og eftirlit fjarskiptamála.

10. gr.

Póst- og símamálastjórnin annast framkvæmd á einkarétti ríkisins, sem í II. kafla getur, og hefir eftirlit með því, að gildandi alþjóðafyrirmælum, millirikja-

samningum, lögum og reglugerðum um fjarskiptamál, þar á meðal gildandi fyrir-
mælum til öryggis mannlífa á sjó, sé fylgt. Þó er undanskilin framkvæmd þeirra
mála, sem ríkisútvarpinu og vitamálastjórninni eru falin með sérstökum lögum.

11. gr.

Póst- og símamálastjórninni er heimilt að láta framkvæma þær breytingar og
endurbætur á núverandi fjarskiptavirkjum ríkisins og gera aðrar ráðstafanir, sem
reynslan hefir sýnt, að nauðsynlegar eru góðum og öruggum rekstri, eða alþjóða-
fyrirmæli eða milliríkjasamningar krefjast. Ennfremur að reisa minni háttar fjar-
skiptastöðvar, svo og að setja upp notendasíma og stofna til annara minni háttar
framkvæmda.

Nýjar landssímalínur og nýjar landssímastöðvar skulu að jafnaði því aðeins
stofnsettar, að fé hafi verið veitt til þeirra í fjárlögum. Það skal jafnan vera skilyrði
fyrir því, að stofnsettar séu talsímastöðvar til almenningsnota, að hlutaðeigandi
hreppur ábyrgist reksturinn eftir þeim reglum, sem gilda um venjulegar talsíma-
stöðvar.

Þegar samningar þeir falla úr gildi, sem nú eru milli póst- og símamálastjórn-
arinnar og sveitarstjórna um greiðslu kostnaðar við rekstur símastöðva, eða stofn-
settar eru nýjar stöðvar, greiðir landssíminn af kostnaði þessum ekki minna en
hér segir:

- a) Af rekstrarkostnaði I. flokks B símastöðva $\frac{4}{5}$.
- b) Af rekstrarkostnaði II. flokks símastöðva $\frac{2}{3}$.
- c) Rekstrarkostnað III. flokks símastöðva greiðir landssíminn venjulega að hálfu,
en rekstrarkostnað þeirra stöðva, sem stofnsettar eru í þágu einstakra manna
eða hreppa, án þess að landssíminn hafi tekjur af þeim að nokkrum mun, greiða
hlutaðeignur að öllu leyti.
- d) Rekstrarkostnað stöðva, sem settar eru eingöngu vegna eftirlits, greiðir lands-
síminn að öllu leyti.

12. gr

Ráðherra setur gjaldskrár fyrir uppsetningu og notkun fjarskiptavirkja og
breytir þeim, þegar þörf krefur. Hann setur í reglugerð nánari fyrirmæli um fram-
kvæmd fjarskiptamála, rekstur og viðhald fjarskiptavirkja, eftirlit með þeim og
annað, er þar að lýtur.

Leggja má sýslu- og sveitarstjórnnum landsins á herðar störf og skyldur, er að
þessu líta.

V. KAFLI

Uppsetning og vernd fjarskiptavirkja o. fl.

13. gr.

Sérhver eigandi eða umráðamaður fasteignar er skyldur að leyfa póst- og
símamálastjórninni að leggja víra og taugar fjarskiptavirkja um land sitt, yfir
það eða í jörðu, yfir hús eða önnur mannvirki á landinu, á þeim, gegnum þau eða
undir þeim. Heimilt skal að taka efni það, sem þarf til lagningar víra eða tauga,
svo sem grjót, mól eða grassvörð, þar sem hentast er. Þó skal taka tillit til þess,
ef því verður við komið, hvar eigendur eða umráðamenn mannvirkja æskja eftir,
að vírar eða taugar, sem snerta eign þeirra, séu lagðar, eða efni tekið, enda hafi það
engan verulegan kostnaðarauka eða önnur vandkvæði í för með sér.

Mönnum, sem í þágu póst- og símamálastjórnar eru að starfa að þessum fjar-
skiptavirkjum eða hafa umsjón með þeim, skal heimilt tálmunarlaust að fara um
land manna eða hús, svo framarlega sem það að dómi póst- og símamálastjórnar
telst nauðsynlegt vegna þessara starfa. Um hús, sem búið er í, mega þeir þó ekki fara
nema frá kl. 8 að morgni til kl. 10 að kvöldi nema samkvæmt skriflegum úrskurði

póst- og símamálastjórnar, enda forðist þeir að valda íbúunum meiri óþægindum en brýnasta nauðsyn krefur.

14. gr.

Þar, sem fjarskiptavirki ríkisins eru, má ekki reisa mannvirki, setja upp tæki, leggja pípur eða raftaugar, gera jarðrask eða aðrar ráðstafanir, er af geta hlotizt skemmdir á fjarskiptavirkjunum eða truflun á rekstri þeirra, nema áður hafi fengið samkomulag við póst- og símamálastjórnina um, hvernig það skuli gert og hvernær. Sá, er óskar að gera þessar ráðstafanir, ber allan kostnað, sem af þeim leiðir, beinan og óbeinan, nema annað hafi orðið að samkomulagi. Ef óvæntur atburður hefir gert það nauðsynlegt, að framkvæma áður nefndar ráðstafanir fyrirvaralaust eða þær hafa verið framkvæmdar í ógáti, skal sá, er þær gerir, þegar í stað tilkynna það póst- og símamálastjórninni, og skal hann greiða allan kostnað, sem af þeim leiðir, bæði beinan og óbeinan, t. d. viðskiptatap, nema annað verði að samkomulagi.

Nú hefir einhver einhverskonar mannvirki, tæki, pípur, raftaugar o. þvl., sem geta valdið truflunum á rekstri fjarskiptavirkja ríkisins, og skal póst- og símamálastjórninni þá heimilt að gera á kostnað eiganda nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir бага þann, sem af þessu hlýzt eða getur hlotizt fyrir fjarskiptavirkin.

Ef ekki nást samningar um þessi mál við póst- og símamálastjórnina, er heimilt að skjóta máluðum til úrskurðar ráðherra.

15. gr.

Þegar skip er innan eða utan landhelgi að starfa að lagningu eða viðgerð fjarskiptastrengja og ber til sýnis alþjóðamerki eða önnur merki, er gefa starf þetta til kynna, þá skulu önnur skip, sem sjá eða eiga að geta séð þessi merki, halda sér eigi skemmra en mílufjórðung frá aðgerðarskipinu. Net og önnur veiðarfæri skal hafa í sömu fjarlægð. Bátar skulu þó hafa 24 stunda frest til þess að taka burtu veiðarfæri, sem í sjó liggja.

Nú hefir dufl verið lagt út vegna lagningar eða viðgerðar á sæstreng fjarskiptavirkja, og skulu skip þá halda sér og veiðarfærum sínum eigi skemmra en $\frac{1}{4}$ úr mílufjórðung frá duflinu.

16. gr.

Ef skip hefir orðið að sleppa akkeri eða leggja net eða önnur veiðarfæri í sólurnar til þess að komast hjá því að skemma sæstrengi fjarskiptavirkja, enda hafi skipið sjálft ekki stofnað til hættunnar með gálauslegu atferli, þá á það kröfu til skaðabóta frá eiganda strengjanna. Ef unnt er, skal þegar færa til bókar skýrslu um tjónið, staðfesta af skipverjum. Svo skal og skipstjóri gefa sjóferðaskýrslu um tjónið í fyrstu höfn, sem því verður við komið. Formaður sjódóms, er við sjóferðaskýrslu tekur, skal þegar tilkynna eiganda sæstrengjanna um tjónið.

17. gr.

Ef aflu þarf lóðar eða annarar eignar í sambandi við lagningu eða rekstur fjarskiptavirkja ríkisins, og samningum um kaup verður ekki við komið, má eftir ráðstöfun ráðherra taka eignina eignarnámi gegn endurgjaldi, sem metið sé eftir eignarnámsslögum.

Ríkissjóður skal og bæta tjón á landi manna, mannvirkjum eða öðrum eignum, sem hlotizt hefir af lagningu eða viðhaldi fjarskiptavirkja ríkisins. Verði samningum ekki komið við, skulu bæturnar fara eftir mati óvilhallra, dómkvaddra manna.

18. gr.

Í leyfisbréfum, sem gefin verða út samkvæmt 3. gr. laga þessara, má ákveða, að fyrirmæli 13., 14. og 17. gr. skulu að öllu eða nokkru leyti og með þeim afbrigðum, er þurfa þykir, ná til þeirra fjarskiptavirkja, sem leyfisbréf hljóðar um.

VI. KAFLI

Leynd og vernd fjarskipta.

19. gr.

Allir starfsmenn, þar með taldir nemendur, fjarskiptavirkja ríkisins skulu skyldir, bæði meðan þeir gegna starfinu og eftir að þeir hafa látið af því, að halda leyndu fyrir öllum út í frá efni skeyta, sem koma eða fara, svo og að þau hafi komið eða farið og hver hafi fengið þau eða sent. Þeir skulu og halda leyndu fyrir öllum út í frá efni samtala um fjarskiptavirki ríkisins, svo og að samtöl hafi farið fram og hverjir hafi átt tal saman. Má ekki án undangengings dómsúrskurðar veita óviðkomandi mönnum aðgang að því að sjá skeyti eða önnur starfræksluskjöl, sem almenningi er ekki ætlað að sjá, eða aðgang að því að hlusta á fjarskiptasamtöl eða hljóðrita þau. Ráðherra ákveður, hvort slíkum úrskurði skuli áfrýjað. Samskonar leyndarskylda skal á þeim hvíla um myndir eða merki, sem flutt hafa verið um fjarskiptavirkin og ekki eru fyrir almenning. Þeim er og stranglega bannað að notfæra sér á nokkurn hátt persónulega innihald slíkra skeyta, samtala, mynda, merkja eða starfræksluskjala. Ráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um þagnarskyldu starfsmanna fjarskiptavirkja.

Þrátt fyrir fyrirmæli 1. málsgreinar má veita lögreglunni aðgang að því að hlusta á símasamtöl, þegar öryggi landsins krefst þess eða um mikilsverð sakamál er að ræða, enda hafi dómsmálaráðherra í hvert skifti fellt skriflegan úrskurð um, að svo skuli gert og um hvaða tímabil. Lögreglumönnum þeim, er viðkomandi lögreglustjóri hefir falið að hlusta, er heimilt að skýra lögreglustjóra frá því einu, er þeir verða áskynja og varðar viðkomandi mál, en eru að öðru leyti þagnarheiti bundnir. Skýrslu samkvæmt framansögðu má ekki birta óviðkomandi mönnum eða opinberlega, nema það teljist nauðsynlegt samkvæmt dómsúrskurði.

20. gr.

Ef nokkur starfsmaður, þar með taldir nemendur, fjarskiptavirkja ríkisins ónýtir, aflagar eða skýtur undan skeytum, myndum eða öðrum merkjum, sem afhent eru til flutnings um fjarskiptavirkin, eða ef hann liðsinnir öðrum í þesskonar athæfi, þá varðar það viðurlögum samkvæmt 4. tölulið 27. gr.

21. gr.

Í leyfisbréfum, er ríkisstjórnin gefur út samkvæmt 3. eða 4. gr. laga þessara, má leggja á starfsmenn fjarskiptavirkja, sem leyfisbréfið hljóðar um, samskonar skyldur sem á starfsmönnum fjarskiptavirkja ríkisins hvíla eftir 19. og 20. gr., enda varða þá brot á þeim skyldum sömu viðurlögum sem brot starfsmanna fjarskiptavirkja ríkisins.

22. gr.

Enginn má, án heimildar, taka við fjarskeytum, myndum eða öðrum fjarskiptamerkjum eða hlusta á fjarskiptasamtöl. Ekki má heldur skrá neitt slíkt, tilkynna það öðrum eða notfæra sér það á nokkurn hátt.

VII. KAFLI

Stöðvun fjarskipta.

23. gr.

Ríkisstjórnin á rétt til að stöðva hvert skeyti eða samtal eða önnur fjarskipti, sem teljast hættuleg öryggi ríkisins eða koma í bága við lög landsins, opinbera reglu eða siðferði. Þegar eins stendur á, getur hún sömuleiðis stöðvað rekstur fjarskiptaþjónustunnar um skemmri eða lengri tíma og að nokkru eða öllu leyti.

VIII. KAFLI

Fjarskiptavirki á hættulegum tímum.

24. gr.

Á ófriðartímum og þegar það telst nauðsynlegt vegna öryggis ríkisins, getur ráðherra fyrirskipað, að engir aðrir en þeir, sem heimild hafa til þess frá póst- og símamálastjórninni, megi eiga eða hafa í vörzlum sínum tilteknar tegundir fjarskiptavirkja eða hluti, sem eru sérstaklega ætlaðir í þau, og heldur ekki aðrar tilteknar tegundir tækja, sem nota má til þess að koma á fjarskiptum. Ráðherra getur einnig bannað að aðstoða menn við að setja saman þesskonar fjarskiptavirki eða tæki án heimildar eða að afla hluta til þeirra eða að hvetja menn beint eða óbeint til þessa.

25. gr.

Nú á maður eða hefir í vörzlum sínum einhver slík fjarskiptavirki eða tæki, sem nefnd eru í fyrirmælum ráðherra samkvæmt 24. gr., og skal hann þá þegar í stað tilkynna póst- og símamálastjórninni það og afhenda henni fjarskiptavirkin eða tækin eða hluta þeirra eftir því, sem hún þá mælir fyrir um. Komi endurgjald til greina, fer það eftir mati póst- og símamálastjórnar.

IX. KAFLI

Milliríkjasamningar.

26. gr.

Alþjóðasamningar og aðrir milliríkjasamningar um fjarskiptamál, sem ríkisstjórn Íslands fullgildir, ásamt þar að lútandi reglugerðum, sem ríkisstjórnin viðurkennir, skulu gilda sem lög og varða brot gegn ákvæðum þeirra refsingu samkvæmt 1. lið 27. gr.

X. KAFLI

Viðurlög við brotum á lögum þessum o. fl.

27. gr.

1. Brot gegn 2.—6. gr., 1. mgr. 14. gr. og 15. gr., varða sektum allt að 10000 krónum, eða varðhaldi, ef miklar sakir eru. Upptæk skal gera tæki þau og hluti, sem í heimildarleysi hafa verið flutt inn, smíðuð eða starfrækt.
2. Valdi maður af ásettu ráði eða gáleysi truflun eða skemmdum á fjarskiptavirkjum, þá varðar það sektum, nema verki sé svo varið, að það eigi að varða refsingu eftir því sem í 176. gr. almennra hegningarlaga segir. Sá, sem skemmdum eða truflun hefir valdið, skal bæta allt tjón, sem af því hefir hlotizt, þar með talið viðskiptatap.
3. Brot gegn 19. gr. (sbr. og 21. gr.) varðar refsingu samkvæmt 136. gr. almennra hegningarlaga, sé það framið af ásetningi. Víkja skal þá starfsmanni þeim, sem brotlegur hefir gerzt, frá starfi. Sé brotið framið af starfsmanni stofnunar, sem í 3. eða 4. gr. getur, sbr. 21. gr., skal honum vikið úr þjónustu stofnunarinnar, ef ríkisstjórnin krefst þess.

Hafi brot gegn 19. gr. (sbr. og 21. gr.) verið framið af gáleysi, varðar það sektum

4. Brot gegn 20. gr. (sbr. og 21. gr.) varðar refsingu samkvæmt 137. gr. almennra hegningarlaga, sé það framið af ásetningi. Ákvæði 3. töluliðs hér á undan um brottvikningu starfsmanns þess, er sekur hefir gerzt, koma hér einnig til greina. Sé brotið framið af gáleysi, varðar það sektum
5. Brot gegn 22. gr. varðar sektum samkvæmt 1. mgr. 228. gr. almennra hegningarlaga.

6. Brot gegn 24. og 25. gr. og fyrirmælum, er ráðherra setur samkvæmt þeim, varða varðhaldi eða fangelsi. Þó má beita sektum, ef sök er smávægileg eða sérstakar málsbætur eru fyrir hendi.
7. Þann, sem ekki stendur skil á áföllnum gjöldum á réttum gjalddaga fyrir fjarskipti eða afnot fjarskiptavirkja, má útiloka algerlega frá öllum fjarskiptum, hvort heldur er til hans eða frá honum, um óákveðinn tíma, þar til hann hefir greitt skuld sína að fullu.
8. Ákveða má í reglugerðum, sem settar verða samkvæmt lögum þessum, að brot gegn ákvæðum þeirra varði refsingum samkvæmt lögnum.

28. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Falla þá jafnframt úr gildi:

Lög nr. 12 20. okt. 1905, um ritsíma, talsíma o. fl.

Lög nr. 25 16. nóv. 1907, um vernd ritsíma og talsíma neðansjávar.

Lög nr. 35 20. okt. 1913, um ritsíma- og talsímakerfi Íslands.

Lög nr. 82 14. nóv. 1917, um rekstur loftskæptastöðva á Íslandi.

Lög nr. 83 14. nóv. 1917, um breytingar og viðauka við lög nr. 35 20. okt. 1913.

Lög nr. 14 14. júní 1929, um breyting á lögum nr. 12 20. okt. 1905.

Lög nr. 31 1. febrúar 1936, um loftskæptastöðvar í íslenskum skipum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Seint á síðasta Alþingi (1940) flutti samgöngumálanefnd Nd. að beiðni samgöngumálaráðherra frumvarp til laga um fjarskipti. Varð það ekki útrætt á því þingi. Vegna þess breytta ástands, sem skapaðist í landinu eftir þann tíma, reyndist nauðsynlegt að gefa út tvenn bráðabirgðalög um þessi efni, sem prentuð eru sem fylgiskjöl aftan við þessa greinargerð. Hin fyrri, um fjarskipti, voru gefin út 5. júlí 1940 og fela í sér aðalefni nefnds frumvarps. Hin síðari, um radiósenditækni, voru gefin út 17. ágúst 1940 og fjalla um enn frekari takmarkanir á meðferð og varðveizlu radió-tækja eða tækja, sem framleiða sveiflur með hárrí tíðni.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, er borið fram samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar og er í megin atriðum hið sama og flutt var á síðasta þingi. Þó hafa nokkur ný ákvæði, sem eru í bráðabirgðalögnum en ekki voru í upphaflega frumvarpinu, verið tekin í þetta frumvarp, sbr. einkum 5., 24. og 25. gr.

Eftirfarandi greinargerð er í flestum atriðum samhljóða greinargerð þeirri er fylgdi frumvarpinu, sem lagt var fram á síðasta þingi:

Símamálalöggjöfin er mjög í molum, sem og bezt sést af því, að enn eru í gildi símalög frá árunum 1905, 1907, 1913, 1917, 1929 og 1936 auk einkasímalaganna frá 1929 og laganna um sameiningu pósts og síma frá 1935. Hefir þótt nauðsynlegt að ráða bót á þessu og safna öllum helztu ákvæðum um símann, starfsvið hans og hinar ýmsu nýju þjónustugreinar hans í einn samfelldan lagabálk. Auk þess eru, sem von er, ýms ákvæði hinna eldri laga mjög úrelt orðin, ekki sízt að orðalagi, enda er mjög örðugt að semja eftir þeim reglugerðir, er fullnægja nútíma tækni og alþjóðafyrirmælum og með því orðalagi, sem nú er notað. Orð eins og t. d. „hraðskæptafæri“ átti upphaflega að vera þýðing á danska orðinu „Fjernmeddelelsesanlæg“, en almenningi hér á landi er hætt við að halda, að það eigi eingöngu við tæki til afgreiðslu símskeyta, í stað þess að það á að þýða allskonar tæki, taugar og búnað, sem notaður er við flutning tals, tóna, skeyta, mynda, útvarps, sjónvarps o. s. frv. og nú er einu nafni kallað fjarskiptavirki.

Frumvarpið skiptist í X kafla með sérstökum fyrirsögnum til betra yfirlits. Fara hér á eftir skýringar á hinum einstöku greinum þess:

Um 1. gr.

Með því að orðið sími er að uppruna og í vitund manna svo nátengt vir eða þráðsamböndum, þykir óhjákvæmilegt að taka upp orðið fjarskipti fyrir alþjóðsorðið „télécommunication“, sem notað er nú í öllum alþjóðasamningum um þessi mál. Orðið fjarskiptavirki er hliðstætt orðinu raforkuvirki, sem á sínum tíma var tekið upp í vatnalögin og síðar í lög um raforkuvirki.

Um 2. gr.

Ákvæðið um einkarétt ríkisins til að stofna og reka fjarskiptavirki eru raunverulega óbreytt frá því, sem stendur í 1. gr. laga nr. 12 20. október 1905 og 1. gr. laga nr. 82 14. nóv. 1917, að öðru leyti en því, að nú er notað hið almenna orð „fjarskipti“ í samræmi við orðalag alþjóðafyrirmæla.

Ákvæði um einkarétt ríkisins til að flytja til landsins og selja eða láta á leigu fjarskiptavirki, þar á meðal talstöðvar og loftskæptastöðvar, voru að visu ekki í fyrri símalögum, en vegna einkaréttar ríkisins til að stofna og reka fjarskiptavirki, hefir sú orðið reyndin, að ríkið eða réttara sagt stofnanir þess hafa að kalla má haft allan innflutning á þessu sviði á hendi undanfarin ár, og myndi svo sennilega verða, hvort sem sett yrði um það lagaákvæði eða ekki. Hinsvegar létta slík lög mjög mikið fyrir eftirliti í þessu efni og draga úr ýmiskonar óþægindum bæði fyrir stjórnarvöld og einstaklinga. Þegar einstaklingar flytja inn eitthvað af þessu efni, gleyma þeir oft að athuga, hvort það fullnægir gildandi fyrirmælum, alþjóðlegum eða innlendum eða þeir hafa ekki tök á að sjá um það. Afleiðingin verður þá stundum sú, að tæki eru flutt inn, sem ekki fullnægja fyrirmælunum, og byrjað er að starfrækja þau án leyfis. Verður þá oft rekistefna úr, þegar stöðva verður rekstur þessara tækja, og getur komið til þess að gera þurfi þau upptæk. Eigendur tækjanna, sem þekkja ekki gildandi fyrirmæli eða skilja þau ekki, telja sig þá stundum órétti beitta, þegar þeim er bannað að nota tæki, er þeir hafa keypt dýrum dómum. Málarekstur þessi hefir í för með sér kostnað og óþægindi fyrir háða aðila, sem telja verður að megi að mestu komast hjá með skýrum lagaákvæðum um einkarétt til innflutnings. Auk þess er þá síður hætt við skorti á varahlutum, þar sem hið innflutta efni verður á þennan hátt samstæðara. Í þessu tilefni má geta þess, að í sumum öðrum ríkjum, t. d. í Svíþjóð, eru öll loftskæptatæki, hvort heldur eru á sjó eða landi, eign ríkisins og eru látin á leigu.

Ákvæðið um einkarétt til þess að leigja, smíða, gera við og breyta er í raun og veru óbeinlínis fólgið í núgildandi ákvæðum um að leyfi þurfi til þess að stofna og reka fjarskipti eða setja upp fjarskiptavirki, en framkvæmd laganna verður auðveldari, sé þetta beinlínis tekið fram í þeim. T. d. gæti komið til greina, að breytingar hefðu í för með sér, að tækin færu að trufla aðra starfrækslu eða fullnægðu ekki öllum fyrirmælum, þótt þau hefðu gert það óbreytt. Er gert ráð fyrir, að ef nauðsynlegt þykir, verði einstaklingar, sem ætla að taka að sér slík störf, t. d. viðgerðir tækja, að fá til þess leyfisbréf.

Ákvæðið um einkarétt til þess að gefa út nafnaskrár yfir stöðvar og notendur er nýtt. Þykir nauðsynlegt, að slíkt ákvæði verði lögfest, þar sem komið hefir fyrir, að einstakir menn hafa tekið upp á því að gefa út símaskrár o. þvl., sem hafa verið miður ábyggilegar og valdið bæði notendum og landssímanum miklum óþægindum. Samskonar ákvæði eru í erlendri löggjöf.

Um 3. gr.

Ákvæði þessarar greinar er að eðli sínu hliðstætt því, sem stendur í 2. gr. laga nr. 12 20. okt. 1905, en orðalagi hefir verið breytt í samræmi við 2. gr. frumvarpsins, og enn fremur hefir síðari hluti 2. gr. laga nr. 12 20. okt. 1905 verið felldur burtu, en hann kemur að mestu leyti fram annarstaðar (í 7. gr. frumvarpsins).

Ákvæði 3. gr. laga nr. 12 20. okt. 1905, um að einkarétturinn nái ekki til hraðskæptatækja sveitarstjórnarvalda, hafa verið felld burtu, þar sem þau þykja torvelda

eftirlit með framkvæmd alþjóðafyrirmæla. Hinsvegar ætti þetta á engan hátt að vera því til fyrirstöðu, að sveitarstjórnarvöld, að fengnu leyfi, stofna og reki sjálf sína brunasíma o. þvl., er þau óska þess, enda sé það gert undir yfirumsjón landssímans, eins og nú á sér raunverulega stað.

Um 4. gr.

Þessi grein er sama efnis og 4. gr. laga nr. 12 20. okt. 1905, að öðru leyti en því, að burt hafa verið felld þau ákvæði, sem eðlilegra þykir að setja í leyfisbréf eða reglugerð.

Um 5. gr.

Þessi grein er samhljóða 4. gr. bráðabirgðalaga frá 5. júlí 1940 um fjarskipti.

Um 6. gr.

Þessi grein er sama efnis og 2. gr. laga nr. 82 14. nóv. 1917.

Um 7. gr.

Þessi grein er hliðstæð 6. gr. laga nr. 12 20. okt. 1905, en orðalaginu hefir þó verið nokkuð breytt til nútímahorfs.

Um 8. gr.

Þessi grein er sama efnis og 7. gr. laga nr. 12 20. okt. 1905.

Um 9. gr.

Í þessari grein eru falin ákvæði laga nr. 31 1. febrúar 1936 með þeirri smávægi- legu breytingu, að heimilt er að láta nægja talstöð fyrir skip, sem er aðeins í strand- siglingum nærri strandarstöð, þar sem stöðugur hlustvörður er haldinn á neyðar- bylgju talstöðvanna (sbr. t. d. Faxaflóabátar). Ennfremur er í þessari grein það ný- mæli, að ráðherra sé heimilt að mæla svo fyrir, að skip og bátar yfir tiltekna stærð skuli hafa talstöðvar. Getur ráðherra þá á þann hátt vikkað þessa skyldu eftir því, sem efni standa til og tiltækilegt þykir.

Um 10. gr.

Þessi grein er hliðstæð 1. gr. laga nr. 8 9. jan. 1935, en auk þess er hér form- lega ákveðið um verkaskiptingu milli landssímans, ríkisútvarpsins og vitamála- stjórnarinnar.

Um 11. gr.

Þessi grein samsvarar 5. og 6. gr. laga nr. 35 20. okt. 1913 og 6. gr. laga nr. 83 14. nóv. 1917.

Um 12. gr.

Þessi grein er samhljóða 8. gr. laga nr. 12 20. okt. 1905.

Um 13. gr.

Þessi grein er hliðstæð 1. gr. laga nr. 14 14. júní 1929.

Um 14. gr.

Þessi grein er hliðstæð 10. gr. laga nr. 12 20. okt. 1905 og 2. gr. laga nr. 14. 14. júní 1929.

Um 15. gr.

Þessi grein er sama efnis og 2. og 3. gr. laga nr. 25 16. nóv. 1907.

Um 16. gr.

Þessi grein er hliðstæð 4. gr. laga nr. 25 16. nóv. 1907.

Um 17. gr.

Þessi grein er hliðstæð 12. gr. laga nr. 12 20. okt. 1905.

Um 18. gr.

Þessi grein er hliðstæð 14. gr. laga nr. 12 20. okt. 1905.

Um 19. gr.

Þessi grein er hliðsæð fyrri hluta 15. gr. laga nr. 12 20. okt. 1905. Önnur máls- grein er þó ný.

Um 20. gr.

Þessi grein er hliðstæð síðari hluta 15. gr. laga nr. 12 20. okt. 1905.

Um 21. gr.

Þessi grein er hliðstæð 16. gr. laga nr. 12 20. okt. 1905.

Um 22. gr.

Ákvæði þessarar greinar voru ekki í fyrri símalögum, en nauðsynlegt þykir að setja slík ákvæði, sbr. 24. kafla alþjóðafjarskiptasamningsins (Madrid 1932) og 2. kafla alþjóðaradioreglugerðarinnar (Kairo 1938) og ennfremur 2. gr. 3. kafla sömu reglugerðar.

Um 23. gr.

Ákvæði þessarar greinar er hliðstætt fyrirmælum 26. kafla alþjóðafjarskipta- samningsins, sbr. og 2. gr. laga nr. 82 14. nóv. 1917 og 1. gr. b. í reglugerð um starf- rækslu símasambanda 15. nóv. 1917.

Um 24. og 25. gr.

Þessar greinar eru hliðstæðar 1. og 2. gr. bráðabirgðalaganna frá 17. ágúst 1940 um radió-senditæki og mynda hér sérstakan kafla (VIII. kafla).

Um 26. gr.

Ákvæði þessarar greinar er sama efnis og 9. gr. laga nr. 8 9. janúar 1935, um stjórn og starfrækslu póst- og símamála. Þykir rétt að taka þetta ákvæði inn í þessi lög, enda á það þar betur heima.

Um 27. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru um viðurlög við brotum á lögunum og svara til refsíákvæða hinna eldri símalaga, en hafa verið færð saman í einn kafla og endur- skoðuð í samræmi við hin nýju refsilög.

Um 28. gr.

Ákvæði þessa frumvarps eiga að koma í staðinn fyrir hin eldri síma- og loft- skeytalög, sem nefnd eru í greininni og falla skulu úr gildi.

Fylgiskjal I.

Bráðabirgðalög um fjarskipti.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

G j ö r i r k u n n u g t: Atvinnumálaráðherra hefir tjáð ráðuneytinu, að nauðsyn- legi sé að tryggja nú þegar ítarlegra eftirlit með fjarskiptavirkjum og tak- marka frekar starfrækslu þeirra en lög nr. 12 20. október 1905, um ritsíma, talsíma o. fl., og lög nr. 82 14. nóvember 1917, gera ráð fyrir.

Með því að ráðuneytið fellst á, að brýna nauðsyn beri til að setja bráða- birgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar um framangreint efni, telur það rétt að gefa út bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

Ríkið hefir einkarétt á:

1. Að stofna og starfrækja á Íslandi og í íslenskri landhelgi og lofthelgi hverskonar fjarskipti með rafstraum eða raföldum, þar á meðal ljósöldum, er ná til sendingar, flutnings og móttöku skeyta, tals, tóna, mynda eða annara slíkra merkja, hvort heldur er eftir virum, gegnum loft, sjó eða land eða á annan hátt.
2. Að flytja til landsins, selja, leigja eða dreifa út á annan hátt, smíða, breyta eða setja upp hverskonar fjarskiptavirki (tæki, taugar, búnað o. þvl.) eða hluta þeirra, sem notaðir eru til þess, er í 1. tölulið segir, á Íslandi eða í íslenskum skipum, flugvélum eða öðrum farartækjum, hvort heldur eru til viðtöku, sendingar eða flutnings.

2. gr.

Ráðherra sá, sem fer með fjarskiptamál ríkisins, getur heimilað einstökum mönnum, félögum eða stofnunum að stofna og starfrækja fjarskiptavirki eða að flytja til landsins, selja, leigja eða dreifa út á annan hátt, smíða, breyta eða setja upp fjarskiptavirki þau eða hluta þeirra, sem í 1. gr. getur. Leyfið skal veitt um ákveðinn tíma með þeim skilyrðum og kvöðum, sem ástæða þykir til í hvert skipti.

3. gr.

Nú eiga einstakir menn, félög eða stofnanir fjarskiptavirki, sem ráðherra hefir áður heimilað að stofna eða starfrækja, og skulu þau leyfi þá haldast, sem hafa verið gefin út eftir 31. desember 1936. Eldri leyfisbréf eru ógild. Leyfishafar skulu að öllu leyti fylgja reglum þeim og fyrirmælum um fjarskiptavirki, sem um þau gilda á hverjum tíma.

4. gr.

Ráðherra getur látið innsigla fjarskiptavirki, sem ekki eru í notkun, eða hluta þeirra, eða fyrirskipað að fá þau afhent til geymslu undir innsigli. Innsiglið má ekki brjóta án heimildar ráðherra.

5. gr.

Fjarskiptavirki í erlendum skipum, flugvélum eða öðrum erlendum farartækjum, sem eru innan íslenskrar landhelgi eða lofthelgi, má aðeins nota samkvæmt þeim ákvæðum, sem ráðherra setur í reglugerð. Ráðherra getur bannað öll fjarskipti innan íslenskrar landhelgi og lofthelgi og gert þær ráðstafanir, er nauðsynlegar þykja til þess að banninu verði hlýtt.

6. gr.

Póst- og símamálastjórnin annast framkvæmd á einkarétti ríkisins, sem í 1. gr. getur, og hefir eftirlit með því, að gildandi alþjóðafyrirmælum, milliríkjasamningum, lögum og reglugerðum um fjarskiptamál, þar á meðal gildandi fyrirmælum til öryggis mannlífa á sjó, sé fylgt. Þó er undanskilin framkvæmd þeirra mála, sem ríkisútvarpinu og vitamálastjórninni eru falin með sérstökum lögum.

7. gr.

Ráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd fjarskiptamála, starfrækslu og viðhald fjarskiptavirkja, eftirlit með þeim og annað, er þar að lýtur, svo sem gjaldaskrár fyrir uppsetningu, notkun og eftirlit fjarskiptavirkja. Má ákveða sektir við broti gegn þessum fyrirmælum.

8. gr.

Ríkisstjórnin hefir rétt til að stöðva hvert skeyti eða samtál eða önnur fjarskipti, sem teljast hættuleg öryggi ríkisins, eða koma í bága við lög landsins, opinbera reglu eða siðgæði. Þegar eins stendur á, getur hún sömuleiðis stöðvað starfrækslu fjarskiptabjónustunnar um skemmri eða lengri tíma og að nokkru eða öllu leyti.

9. gr.

Brot gegn 1.—5. gr. varða sektum allt að 10000 krónum, eða varðhaldi, ef miklar sakir eru. Upptæk skal gera tæki þau og hluti, sem í heimildarleysi hafa verið flutt inn, smíðuð eða starfrækt.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 5. júlí 1940.

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.

Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.
(L. S.)

Ólafur Thors.

Fylgiskjal II.

Bráðabirgðalög um radió-senditæki.

Ráðuneyti Islands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Atvinnumálaráðherra hefir tjáð ráðuneytinu, að nauðsyn beri til að koma nú þegar í veg fyrir, að radió-senditæki séu notuð til að stofna hlutleysi ríkisins í hættu og tryggja ítarlegra eftirlit með þessu en núgildandi lög gera ráð fyrir.

Með því að ráðuneytið fellst á, að brýna nauðsyn beri til að setja bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar um framangreint efni, telur það rétt að gefa út bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

Engir aðrir en þeir, sem heimild hafa til þess frá póst- og símamálastjórninni, mega eiga eða hafa í vörzlum sínum eftir 31. ágúst 1940 radió-senditæki eða hluti, sem eru sérstaklega ætlaðir í slík tæki.

Til radió-senditækja teljast öll tæki, sem ætluð eru til að framleiða rafsveiflur með hárrí tíðni (yfir 20000 ríð á sekúndu).

Einnig er bannað að aðstoða menn við að setja saman radió-senditæki án heimildar eða að afla hluta til þeirra eða að hvetja menn beint eða óbeint til þessa.

2. gr.

Nú á maður eða hefir í vörzlum sínum einhver slík tæki, sem nefnd eru í 1. gr., og skal hann þá þegar í stað tilkynna póst- og símamálastjórninni það og afhenda henni tækin eða tækjahlutana eftir því, sem hún þá mælir fyrir um. Komi endurgjald til greina, fer það eftir mati póst- og símamálastjórnarinnar.

3. gr.

Brot gegn lögum þessum varða refsingu samkvæmt ákvæðum 91. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 17. ágúst 1940.

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.

Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.

Ólafur Thors.